

Erindi til íbúaráða Háleitis- og Bústaðahverfis og Laugardals

Orkureitur – vistvottað skipulag

Skipulagsvinna er hafin á reitnum á horni Grensásvegur og Suðurlandsbrautar sem kallaður er Orkureitur. Reiturinn er þekktur fyrir Orkuhúsið sem hafði starfsemi í byggingu sem upphaflega var reist fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Orkureitur er í eigu fasteignafélagsins Reita.

Orkureiturinn er vel staðsettur miðsvæðis í Reykjavík, á samgöngu- og þróunarás Reykjavíkurborgar og er fyrirhugað að Borgarlínan hafi stöð á svæðinu. Á reitnum eru í dag auk hinnar þekktu skrifstofubyggingar, iðnaðarbyggingar og fleira. En reiturinn er illa nýttur og getur rúmað meira mannlíf en nú.

Orkureiturinn er ákjósanlegur staður til að bjóða fleira fólki tækifæri til að búa og starfa á. Möguleikarnir á að virkja reitinn og næsta nágrenni eru miklir enda Laugardalurinn og öll þjónusta í næsta nágrenni auk góðra samganga.

Reykjavíkurborg og Reitir hafa gert samkomulag um að þróa reitinn. Einn liður þess samkomulags var að halda samkeppni um útfærslu skipulagsins og urðu Alark arkitektar hlutskarpastir. Nú er unnið að því að þróa skipulagstillögu sem byggist á vinningstillögunni. Áður en kemur að formlegri auglýsingu og almennri kynningu á verkefninu vilja aðstandendur verkefnisins ræða við fulltrúa íbúa í næsta nágrenni.

Skipulag Orkureitsins verður vistvottað samkvæmt BREEAM vottunarkerfinu. Gegnum vottunarferlið hafa eigendur og skipulagshöfundar dregið fram fjölda atriða sem gera þarf grein fyrir og takast á við. Skipulagið tekur mið af því að minnka áhrif á loftslagsbreytingar og vera í stakk búið að mæta áhrifum loftslagsbreytinga á veðurfar í framtíðinni. Vottunaraðili verkefnisins er verkfræðistofan Mannvit.

Boðið er til ítarlegrar kynningar á skipulagshugmyndinni og samtals um ákveðin mál sem talið er að íbúar nágrennisins geti best upplýst um. VSÓ Ráðgjöf mun leiða umræðu um þær spurningar sem þarf að svara og hlusta eftir sjónarmiðum um önnur mál sem brenna á íbúum við virkjun Orkureitsins. Við leitum því til ykkar sem fulltrúa heildarhagsmuna þeirra hverfa sem standið reitnum næst.